



Hluti: 2 Samstarfsnefnd Kristín Þóra Harðardóttir

Málsnúmer: R10110053

Búið til: 21.09.2011

Skráð af: Kristín Þóra Harðardóttir

Texti:

Fundur samstarfsnefndar Reykjavíkurborgar og Félagsráðgjafafélags Íslands haldinn í húsakynnum ríkissáttasemjara 25. september 2011.

Viðstödd:

Frá RVK: Hallur Páll Jónsson og Árni Ragnar Stefánsson.

Frá FÍ: Ella Kristín Karlsdóttir og Vilborg Oddsdóttir.

5 2011. Sérfræðiviðurkenning

Samstarfsnefnd er sammála um að meta sérfræðiviðurkenningu félagsráðgjafa sbr. reglugerð 555/1999 á eftirfarandi hátt við röðun í launaflokka:

Fyrsti áfangi: Félagsráðgjafi hafi starfað í 1,5 ár í fullu starfi eða sambærilegt, en þó ekki minna starfshlutfall en 50%. Einnig hafi viðkomandi sótt eftirfarandi fjölda námskeiðstíma og fengið handleiðslu: 100 fræðslustundir og 25 handleiðslutíma (eða 20 einkahandleiðslutíma og 10 hóphandleiðslutíma).

Eftir fyrsta áfanga er röðun 2 launaflokkum hærra en ella.

Annar áfangi: Félagsráðgjafi hafi starfað í 2,5 ár í fullu starfi og hafi lokið 150 fræðslustundum og 45 handleiðslutímum (eða 30 einkahandleiðslutímum og 30 hóphandleiðslutímum). Eftir annan áfanga er röðun 2 launaflokkum hærra en ella.

Þriðji áfangi: Félagsráðgjafi hafi starfað í 3,5 ár í fullu starfi og hafi lokið 225 fræðslustundum og 70 handleiðslutímum. Eftir þriðja áfanga er röðun 2 launaflokkum hærra en ella

Fjórði áfangi: Félagsráðgjafi hafi starfað í 4,5 ár í fullu starfi og hafi lokið 300 fræðslustundum og 100 handleiðslutímum. Eftir fjórða áfanga er röðun 2 launaflokkum hærra en ella.

Fimmti áfangi: Félagsráðgjafi sem hefur öðlast sérfræðiviðurkenningu í viðkomandi sérgrein. Raðist 1 launaflokk hærra en ella.

Hæfnislaunaflokkar skv. ákvæði um sérfræðiviðurkenningar geta að hámarki verið 9. Ákvörðun þessi tekur gildi frá og með 1. september 2011. **Samþykkt.**

6 2011. Launaflokkar vegna álags.

Starfsmenn í starfshetunum félagsráðgjafi 1, félagsráðgjafi 2 og félagsráðgjafi barnavernd fái 2 launaflokk vegna álags í starfi. Sú ákvörðun gildi frá 1. september 2011 og út samningstímann, til 30. júní 2014, og fellur þá ákvörðun þessi úr gildi án frekari fyrirvara.

Samþykkt.

7. 2011. Hæfnislaun.

Ákveðið að verja fjárhæð sem jafngildir einum launaflokk í hæfnislaun, sbr. gr. 1.3.2.3 í

VO
ADP
HJ
JL

kjarasamningi aðila, á önnur starfsheiti en um getur í máli 6 frá 2011 hér að framan.
Hæfnislaun þessi eru tímabundin og gilda frá 1. september 2011 til 30. júní 2014 og falla þá
úr gildi án frekari fyrirvara. **Samþykkt.**

Hallgrímur
Jónasson

Sveinbjörn Oddsdóttir
Ólöf Guðrún Þadlith.